



Jarðhitaathugun í landi Stekkjarholts í Lýtingsstaðahreppi

Ragna Karlsdóttir, Hrefna Kristmannsdóttir,
Guðmundur Ingi Haraldsson

Greinargerð RK-HK-GIH-83/01

Jarðhitaathugun í landi Stekkjarholts í Lýtingsstaðahreppi.

Í landi Stekkjarholts eru 10 - 23°C heitar volgrur á nokkrum stöðum. Rennsli er mjög óverulegt. Sveinsstaðalaug er volgra í mýri um 600 m suðaustur af bænum og um 10 m vestan þjóðveggarins. Hitastig í volgrunni er 20,6°C. Um 10 m norðvestan við Sveinsstaðalaug er önnur volgra með hitastig 22,7°C og sú þriðja, sem er 23,1°C heit, er 4 m lengra til norðvesturs. Í vegarskurði, austan vegar gegnt Sveinsstaðalaug, kom fram 10°C heit volgra þegar skurðurinn var grafinn.

Tekið var sýni til efnagreiningar úr Sveinsstaðalaug. Efnasamsetning sýnisins er:

Númer sýnis	hitastig/ °C	pH/°C	magn í mg/l							
			SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S
800113	21,0	8,67/26	38	33,9	0,29	2,42	0,28	55,5	6,08	0,00

magn í mg/l			Heildarmagn uppleystra efna
Cl	F	B	
3,90	0,23	0,067	176,4

Frá efnainnihaldi má sjá að hitastig vatnsins er talsvert herra á meira dýpi og að líklega hefur jarðhitavatnið blandast köldu grunnvatni.

Hversu heitt jarðhitavatnið er og frá hvaða dýpi það kemur fast aðeins skorið úr með borun og undanfarandi rannsóknum og mælingum. Djúpbörun er allt of kostnaðarsöm fyrir einn bæ svo ekki er mælt með þeirri leið.

Volgrurnar eru of kaldar og rennsli of lítið til að hægt sé að nýta þær. Ráðlegt væri að grafa frá stærstu lauginni og athuga hvort hitastig vatnsins hækkar og rennslið eykst. Ef hægt væri að auka rennslið í 1-2 l/s og helst hækka hitastigið eitthvað gæti orðið hagkvæmt að nýta vatnið með varmadælu.



Dags.
1983-01-28

Tilv. vor
HK/gb

Dags.

Tilv. yðar

Hr. Stefán A. Magnússon
Stekkjarholti
Lýtingsstaðahreppi
Skagafjarðarsýslu

Hjálagt eru niðurstöður jarðhitakönnunar, sem Jarðhitadeild Orkustofnunar hefur gert í landareign þinni. Einnig fylgir skýrsla um tilraunarekstur á varmadælu, en nýting vatnsins með varmadælu gæti komið til greina í þessu tilviki. Jarðhitadeild mun láta gera hagkvæmniathugun á því hvort nýting með varmadælu gæti komið til greina og senda þær niðurstöður síðar ásamt ráðleggingum varðandi framkvæmd ef til kemur.

Virðingarfyllt

Hrefna Kristmannsdóttir
deildarstjóri